

**Nr. 19-061 S 045 Guðrún BA 127*****Bilun í stýri og dregin til hafnar***

*Skipaskr.nr.*: 2085  
*Útgerð:* Útgerðarfélagið Dagný ehf  
*Smiðaður:* Noregi 1990 plast  
*Stærð:* 6 brl. 9,4 bt.  
*Mesta lengd:* 10,54 m *Skráð lengd:* 9,54 m  
*Breidd:* 3,35 m *Dýpt:* 2,09 m  
*Vél:* Deutz 148 kW, 2000  
*Fjöldi skipverja:* 2



Guðrún©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. maí 2019 var Guðrún BA 127 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: ANA 8-9 m/s.

Skipstjórinn tilkynnti að stýrið væri bilað og óskaði eftir aðstoð. Magnús SH 205 dró bátinn til hafnar á Rífi.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipt hafði verið um stýrisvélardælu stuttu áður og vökvaslögum óvart verið víxlað við hana í samsetningu.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.